

sjái leið til þess að auka þann skammt af saltfiskinnflutningnum, sem Íslandi 66
er í té látinn samkvæmt stjórnarbréfinu, í því tilfelli, að síðar reyndist ónauð- 12. des.
synlegt að miðla öðrum löndum öllum þeim afgangi af allsherjar innflutnings-
magninu 1934, sem Íslandi er ekki ætlaður, með sérstöku tilliti til þeirra 15%
af allsherjarinnflutningsmagninu, sem dregin eru frá meðalinnflutningi Íslend-
inga á árunum 1931 til 1933.

Íslenzka stjórnin leyfir sér einnig að vona, að fari svo, að endurskoðun hag-
skýrslna leiði í ljós Íslandi í hag, að því er snertir nefndan meðalinnflutning,
hærri tölur en þær, sem getið er til í stjórnarbréfinu, þá verði mögulegt að auka
innflutningsskammt Íslands í samræmi við það, sem nú hefir lýst verið.

Ég gríp þetta tækifæri til að votta yðar hágöfgi mína fyllstu virðingu.

Fyrir Ísland

A. Oldenburg.

Hs. hágöfgi J. José Rocha

Útanríkismálaráðherra

o. fl., o. fl., o. fl.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 12. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

KONUNGSBRÉF

um þinguppsögn.

67

17. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hérmeð veita yður sem Vorum forsætis-
ráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir
lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Christiansborgarhöll, 17. desember 1934.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.